



Fréttmolar FÍSP

Félag íslenskra
sjúkrahjálfa

Fréttamolar

Efnisyfirlit:

Sameiningarmál
félaga sjúkrahjálfa

Sjúkrahjálfun hjá Æf-
ingastöð styrktarfélags
lamaðra og fatlaðra

Drög að dagskrá á
Degi sjúkrahjálfunar
2012

Mánaðarleg fréttabréf

Stjórn FÍSP sendir nú út seinasta raf-
ræna fréttabréfið á árinu 2011. Að
þessu sinni eru það sjúkrahjálfarar á
Æfinga stöð Styrktarfélags lamaðra og
fatlaðra (ÆSLF) sem segja okkur frá
stafsemi sinni.

Stjórn Félag íslenskra sjúkrahjálfa
sendir félagsmönnum sínum og fjöl-
skyldum þeirra nær og fjær ósk um gleði-
lega hátíð og farsæld á nýju ári.



Framundan:

- Næsti skipulagði
fundur stjórnar
11. janúar.
- Dagur sjúkra-
hjálfunar/
aðalfundur FÍSP
2. mars 2011

Sameiningarmál félaga sjúkrahjálfa

Fulltrúar stjórna félaga sjúkrahjálfa hafa verið að hittast nú í vetur. Fundað hefur
verið með fulltrúa Félags Verkfræðinga, þar sem verkfræðingar hafa nýlega sameinað
fag- og kjarafélag sitt. Ákveðið hefur verið að vinna með tvær tillögur í sameiningar-
ferlinu. Annarsvegar regnhlífarsamtök og hinsvegar fulla sameiningu félaganna
þriggja. Félögin hafa sett sig í samband við Láru V. Júlíusdóttur, lögfræðing, með það
fyrir augum að fá hana til að aðstoða félögin við nánari útfærslur á þeim útfærslum
sem áður voru nefndar.

Kveðja stjórn FÍSP



Æfinga stöðin er sjálfseignastofnun sem rekin er af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra (SLF). Hún var sett í laggirnar 1956 á Sjafnargötu en flutti í núverandi húsnæði að Háaleitisbraut 11 árið 1968. SLF hefur gert þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur Æfingastöðvarinnar. Samningurinn kveður á um sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun fyrir ákveðinn skjólstæðingahóp sem eru börn og ungmenni en einnig fullorðnir með hreyfihömlun eða parkinson sjúkdóm. Um 85-90% skjólstæðinga eru yngri en 20 ára.



Á Æfingastöðinni starfa 36 manns, 16 sjúkraþjálfarar, 10 iðjuþjálfar og 4 aðstoðarmenn auk starfsmanna á skrifstofu og mötuneyti. Hlutverk Æfingastöðvarinnar er fyrst og fremst að efla börn og ungmenni með skerta færni og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu.

Sjúkraþjálfarar Æfingastöðvarinnar eru allir með brennandi áhuga á starfi sínu. Starfsaldur er hár og hafa starfsmenn mikla reynslu af því að starfa með börnum. Fjórir þjálfaranna (Freyja, Gugga, Tobba og Guðrún Ágústa) hafa lokið formlegu framhaldsnámi og þrjár hafa fengið sérfræðiviðurkenningu í barnasjúkraþjálfun. Ása hefur lokið námi í Þjónustustjórnun og Birna, Björk og Hafdís eru í framhaldsnámi.

Lögð er áhersla á sí- og endurmenntun starfsmanna og þeir styrktir á námskeið bæði innanlands og



utan. Vel er fylgst er með stefnum og straumum í barnasjúkraþjálfun og hefur helst verið litið til Norðurlandanna hvað það varðar en einnig mikið til Kanada. Frá 9-12 á miðvikudögum er áhersla lögð á samvinnu og faglega uppbyggingu starfsmanna. Þá er ekki tekið á móti skjólstæðingum heldur unnið í teyrum og haldnir fagfundir og/eða fræðslufundir fyrir starfsmenn. Auk þess eru haldnir starfsdagar tvisvar á ári þar sem unnið er að faglegum málefnum. Undanfarið ár hefur mikil vinna verið lögð í gæðahandbók starfsmanna þar sem vinnuferlar eru skilgreindir. Gæðahandbókin á að tryggja fagleg og samræmd vinnubrögð starfsamanna og að allir skjólstæðingar njóti samskonar þjónustu.

Þetta er lifandi bók sem alltaf er í endurskoðun. Þjálfarar hafa verið virkir í faghópi um barnasjúkraþjálfun og er Rósa nú fulltrúi okkar í stjórn hópsins. Tekið er á móti 6-8 sjúkraþjálfaranemum árlega og er meirihluti þjálfara virkur í kennslunni.

Á Æfingastöðinni er unnið samkvæmt hugmyndafræðinni um Fjölskyldumiðaða þjónustu. Lögð er mikil áhersla á samstarf og samvinnu við fjölskyldur barnanna og aðra umönnunaraðila auk þess sem iðjuþjálfar og sjúkraþjálfarar Æfingastöðvarinnar vinna náið saman.

Þjálfarar vinna á yngra teymi, sem sinnir börnum undir 6 ára eða á eldra teymi, sem sinnir börnum 6 ára og eldri og fullorðnum.

Þessi skipting var tekin upp um leið að fjölskyldumiðuð þjónusta var innleidd. Þykir þetta hafa gefið góða raun og gefið þjálfurum betra tækifæri til sérhæfingar og bætt samstarf við leikskóla og skóla. Mikilvægt er þó að gefa yngri þjálfurum fjölbreytta reynslu og hafa „ungarnir okkar“, þær Jóna Guðný og Björk unnið á báðum teyrum.



Lumar þú á veggspjaldi sem þig langar að kynna á deginum?

Hafðu þá samband við Örnú Elísabet: arna-ek@reykjalandur.is

Félag íslenskra sjúkráþjálfara
Engjavegi 6
www.physio.is

Sími: 568-7661

Fax: 514-4001

E-mail: physio@physio.is

Heimasíðan

Stjórn vill biðja félagsmenn af-sökunar á því að heimasíðan hefur ekki virkað sem skyldi undanfarið. Unnið er að viðgerðum. Allar ábendingar varðandi heimasíðuna eru vel þegnar.

Kveðja Stjórn FÍSP

Drög að dagskrá á degi sjúkráþjálfunar 2. mars 2012

Tími			
8.20	Aðalfundur FÍSP		
9.20	Kaffi		
9.40	Aðalfundur FÍSP		
11.00	Matur		
12.30	Setning Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra		
12.40	Sólveig Ása Árnadóttir og Björg Guðjónsdóttir Gagnreynd sjúkráþjálfun: Kraftur og þróun í þitt starf?		
13.30	Hlé		
	Salur A	Salur B	Salur F
14.00	Héðinn Jónsson og Auður Ólafsdóttir sjúkráþjálfarar Hreyfiseðill á Íslandi - þróun verkefnisins og framtíð	Ágúst Jörgensen sjúkráþjálfari Hálsinn getur verið höfuðverkur- Hugleiðingar úr klíníkinni	Margrét Magnúsdóttir og Sigrún Knútsdóttir sjúkráþjálfarar Forspárgildi göngumælinga og fjarþjálfun. Frá heimsþingi sjþj
14.30	Kristín Rós Óladóttir sjúkráþjálfari Reynsla þriggja kvenna sem í æsku voru fórnarlömb kynferðisofbeldis, af hópmeðferð í Basic Body Awareness Therapy.	Gunnar Svanbergsson sjúkráþjálfari Brjós-klos í lendahrygg, samþætting á niðurstöðum úr segulóm skoðun við klíniska skoðun og meðferð	Sjúkráþjálfarar á Reykjalandi Eru sjúkráþjálfarar að stuðla að heilsuefingu? Eru sjúkráþjálfarar sérfræðingar í þjálfun? Frá heimsþingi sjþj
15.00	Kaffihlé		
15.30	Anna Njálisdóttir sálfræðingur Árangur offitumeðferðarinnar á Reykjalandi með eða án magahjáveituaðgerðar, 2 ára eftirfylgd	Baldur Rúnarsson sjúkráþjálfari Samanburður á MBT skóm annars vegar og teipungum og innleggjum hins vegar sem meðferðarform við iljarfellsbólgu	María Ragnarsdóttir sjúkráþjálfari „Aim Higher. The Pain is in the Brain“. Frá heimsþingi sjþj
16.00	Héðinn Jónsson sjúkráþjálfari Kostnaðarneytjagreiðing á verkjasviði Reykjalandar	Ágúst Kárasón bæklunarlæknir Horft um öxl í liðhlaupsvandamálum	Veggspjaldakynning Höfundar kynna veggspjöld sín, (5 mín hver)
	Salur A og B		
16.30	Viðurkenningar		
16.50	Grín og glens		
17.30	Léttar veitingar og fjör		

Kæru félagsmenn,

Dagur sjúkráþjálfunar árið 2011 verður haldinn **2. mars n.k. á Nordica Hótel.**

Verð á daginn: Félagsmenn: 6.500kr

Utan félags: 8.500kr

Nemar, heidursfélagar, +65 ára og öryrkjar 3.500kr.

